

Sjálfbærniverkefni

Framvinduskýrsla 2016

Inngangur

Austurbrú vann við Sjálfbærniverkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar á árinu 2016 samkvæmt samningi milli Austurbrúar og fyrirtækjanna um ráðgjafabjónustu með gildistíma frá ársbyrjun 2013 til ársloka 2016.

Hér á eftir verður í stuttu máli gerð grein fyrir framvindu Sjálfbærniverkefnisins á árinu 2016. Gerð er grein fyrir starfsemi og helstu verkefnum á tímabilinu frá nóvember 2015 til loka október 2016.

Stýrihópur og starfsmenn

Stýrihóp verkefnisins skipuðu í lok árs 2015 Árni Óðinsson fyrir Landsvirkjun, Freyr Ævarsson fyrir Fljótsdalshérað, Fríða Björg Eðvarðsdóttir fyrir Landvernd, Geir Sigurpáll Hlöðversson fyrir Alcoa Fjarðaál og Marínó Stefánsson fyrir Fjarðabyggð. Landvernd ákvað á vormánuðum 2016 að draga sig úr stýrihópnum og í kjölfar þess var ákveðið að fá fulltrúa fræðasamfélagsins inn í hópinn. Samningar standa yfir nú haustið 2016 við Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri um að fá Hjalta Jóhannesson sérfræðing miðstöðvarinnar inn í stýrihópinn.

Stýrihópurinn hélt fjóra fundi frá janúar til október 2016. Auk þess héldu fulltrúar ráðgjafa og fulltrúar fyrirtækjanna sérstaka fundi um hvernig vinna skyldi með afmælisár verkefnisins og um endurnýjun ráðgjafabjónustusamnings.

Sigrún Víglundsdóttir var verkefnastjóri verkefnisins hjá Austurbrú og vann að öllum þáttum verkefnisins. Aðrir starfsmenn verkefnisins fyrir hönd Austurbrúar voru Guðrún Á. Jónsdóttir og Katrín Reynisdóttir. Guðrún kom einkum að samskiptum og skipulagi en Katrín vann við öflun og úrvinnslu gagna og uppfærslu vísa.

Ársfundur

Ársfundur Sjálfbærniverkefnisins 2016 var haldinn í Valaskjálfi á Egilsstöðum þann 3. maí. Fundinn sóttu um 40 gestir. Sérstakt þema fundarins var staða og framtíð Sjálfbærniverkefnisins.

Í framsöguerindum var farið yfir sögu og markmið verkefnisins og möguleg tengsl við önnur verkefni og greiningar á samfélaginu á Austurlandi. Að auki var velt upp spurningum og hugmyndum um þróun þess. Kynnt var vinna við sjálfbærniverkefni sem er í undirbúningi vegna Þeystareykjavirkjunar, vinna við sóknaráætlun Austurlands og m.a. fjallað um þörf fyrir gagnasöfnun lykilkáttanna efnahags og samfélagsbreyta. Að lokum var sagt frá nokkrum helstu niðurstöðum vöktunar á árinu 2015.

Í hópastarfi var fjallað um styrkleika, veikleika, tækifæri og ógnanir Sjálfbærniverkefnisins. Helstu niðurstöður voru að styrkleikar verkefnisins fælust einkum í upplýsingagildi, jákvæðri ímynd, sérfræðiþekkingu og sögulegum gögnum og upplýsingum. Veikleikar fælust í skorti á úrvinnslu og nýtingu upplýsinga, skorti á sýnileika í nærsamfélagi og fræðasamfélagi og óljósum viðskiptavinum. Einnig kom fram að tækifæri lægju í aukinni samvinnu við rannsóknarstofnanir og þróunarvinnu, kynningu vegna 10 ára afmælis og nýtingu gagna til eflingar samfélagsins. Ógnanir væru á hinn bóginn lítil þátttaka samfélagsins, skortur á sýnileika og trúverðugleika og hægri þróun vísa.

Að lokum voru samþykktar breytingar á vísum: 1.3 Öryggi starfsfólks Fjarðaáls og Landsvirkjunar, 3.1 Ferðaþjónusta, 3.2. Útflutningur Fjarðaáls og 3.5 Fjárhagsstaða sveitarfélaga.

Umsýsla verkefnis og uppfærsla vísa

Töluverð vinna var lögð í að endurskoða almennan texta á vefnum á árinu með það að markmiði að framsetning gagna verði skýrari og að draga úr endurtekningum. Enn á eftir að birta þessar breytingar á vefnum og verður það gert þegar samskiptasvið fyrirtækjanna hafa yfirfarið efnið. Einnig á eftir að þýða þessa almennu texta yfir á ensku. Á árinu var haldið áfram með að bæta og samræma framsetningu gagna á vefnum í samvinnu við ábyrgðarmenn vísa. Slíkar lagfæringar geta í sumum tilvikum tekið tíma þar sem margir vísanna fjalla um flókin mál og ýmsar breytingar hafa orðið á gagnasöfnun og áhersluatriðum á þeim tíma sem liðinn er frá upphafi verkefnisins.

Megin þungi vinnunnar við verkefnið á árinu var eins og áður gagnasöfnun, úrvinnsla og uppfærslur á upplýsingum vegna vísa á vefnum. Sú vinna á sér stað flesta mánuði ársins þótt þunginn sé mismunandi eftir árstímum. Auk þess bætast við aðrir verkliðir eftir árstíma. Í janúar og febrúar 2016 var fundað með ábyrgðarmönnum. Starfsmenn verkefnisins fóru í heimsókn til Fjarðaáls og í Fljótsdalsstöð og áttu fund með ábyrgðarmönnum vísa hverjum fyrir sig. Símafundir voru haldnir með þeim ábyrgðarmönnum sem ekki náðist til með þessum heimsóknum. Á þessum fundum var bæði var rætt um verkefnið almennt en einkum þróun þeirra vísa sem viðkomandi ábyrgðarmaður hefur á sinni könnu. Frá því í febrúar og fram að ársfund 3. maí var mikið unnið að uppfærslu vísa eftir því sem gögn skiluðu sér frá ábyrgðarmönnum en jafnan er stefnt að því að uppfæra sem mest af vísam fyrir ársfund. Eftir ársfund var haldið áfram með uppfærslu vísa fram eftir sumri og hausti eftir því sem gögn skiluðu sér og einnig var unnið með uppfærslu á ensku útgáfu vísanna.

Heimsóknir á vef

Frá 1. nóvember 2015 til 31. október 2016 heimsóttu 6.944 notendur vefinn alls 9.823 sinnum. Langflestir gestir síðunnar koma frá Íslandi eða 3.469, þar á eftir koma Bandaríkin (605 gestir), Bretland (437 gestir), Rússland (395 gestir) og Brasilía (361 gestur).